

Tölur úr bókfræðigrunni Gegnis

Greinargerð um söfnun og úrvinnslu
tölulegra upplýsinga til ársloka 2014

Hildur Gunnlaugsdóttir
Sigrún Hauksdóttir

September 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 3
Nokkrar myndir með skýringum	bls. 4
Aðferðafræði	bls. 11
Tölur	bls. 18

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir viðbótum í bókfræðigrunni Gegnis árið 2014. Sumarið 2009 birtu undirritaðar greinargerð um fyrsta áfanga öflunar tölulegra upplýsinga fyrir bókfræðigrunn Gegnis. Þá voru birtar tölur fyrir árin 2007 og 2008 ásamt heildartölum fram til loka ársins 2006. Þeirri greinargerð var fylgt eftir með skýrslum um viðbætur árána 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013. Skýrslurnar byggjast að mestu á sömu aðferðafræði þótt verklag við söfnun upplýsinganna hafi þróast með tímanum. Sem fyrr lýtur verkefnið að því að ná heildarupplýsingum um skráningu í bókfræðigrunninn án tillits til framlags einstakra aðildarsafna.

Upplýsingarnar, sem hér eru birtar í töfluformi, taka til skráðra bókfræðifærslna árin 2012, 2013 og 2014, þ.e. árlegra viðbóta óháð útgáfuári gagnanna sem skráð eru. Jafnframt eru birtar heildartölur fyrir bókfræðigrunninn eins og staða hans var í árslok 2014. Upplýsingar um stöðu bókfræðigrunnisins í árslok 2013 eru í greinargerðinni fyrir tölur þess árs.

Samanburður á tölum úr bókfræðigrunni Gegnis er varasamur á milli ára. Það á bæði við um heildarfjölda bókfræðifærslna og viðbætur. Ástæða þessa er að bókfræðigrunnurinn er breytilegur frá einum tíma til annars þar sem stöðugt er verið að bæta við færslum, sameina færslur og einnig þarf að grísa grunninn. Töluverður hluti af skráðum færslum er óvirkur af þessum sökum. Þetta veldur því að ekki er marktækt að leggja saman tölur á milli ára til þess að sjá heildarstærð grunnisins. Nauðsynlegt er því að draga út heildarfjölda virkra bókfræðifærslna á hverjum tíma. Í árslok 2014 var heildarfjöldi virkra bókfræðifærslna 1.133.433. Smávægilegar breytingar hafa orðið á talningu heildarfjölda virkra bókfræðifærslna miðað við skýrslur fyrri ára. Sjá kaflann um aðferðafræði.

Tölulegar upplýsingar um bókfræðigrunn Gegnis byggjast að mestu á kóðum í markfærslum. Áreiðanleikinn er þess vegna háður vinnulagi gegnum tíðina. Skráningarráð Gegnis setti reglur um lágmarkskóðun haustið 2004 og byggir ákvörðun um val á kóðum á þeim reglum. (Sjá Handbók skrásetjara Gegnis, <http://hask.landsbokasafn.is/>) Rétt er að taka fram að fullkomið samræmi í kóðun er ógerlegt í gagnagrunni á borð við bókfræðigrunn Gegnis. Tölurnar eru því í samræmi við markfærslurnar í bókfræðigrunninum en skekkjur vegna ónákvæmni, mismunandi vinnulags eða skorts á kóðun liggja milli hluta.

Færsluveiðar hófust á árinu 2009 úr fjórum erlendum gagnagrunnum auk hefðbundinna færsluveiða úr OCLC. Við bættust veiðar úr Library of Congress í Bandaríkjunum, Linda sem er samskrá finnskra háskóla- og rannsóknarbókasafna, Libris sem er samskrá sænskra bóksafna og BIBSYS sem er samskrá norskra háskóla- og rannsóknarbókasafna. Árið 2011 bættist danska samskráin DANBIB við. Árið 2014 voru fluttar 8.167 færslur úr þessum erlendu grunnnum. Færsluveiðar úr OCLC eru gegn gjaldi en færsluveiðar úr öðrum grunnnum eru gjaldfrjár. Vélvirkur færsluflutningur fyrir rafrænt efni nam 1.184 færslum.

Hér að framan er dregið á mislangan líftíma færslna. Færslunúmer í bókfræðigrunninum eru fleiri en fram kemur í tölfræðigögnunum. Mismunurinn eru óvirkar færslur, þ.e. færslur sem hefur verið eytt úr kerfinu en númerin hanga óvirk inni. Færslum er eytt þegar gögn eru afskrifuð og stundum þarf að eyða færslum vegna mistaka við skráningu. Stærstur hluti þessarar tölu er þó vegna þess að færslur fyrir tvískráð efni hafa verið sameinaðar, ýmist vélvirkt eða handvirkt.


Í þessari skýrslu er birt myndræn úrvinnsla á hluta af þeim tölulegu gögnum sem safnað var, auk nokkurra skýringa með myndunum. Skráning bókfræðiupplýsinga í Gegni, þ.e. aðföng aðildarsafnanna, speglar tímann og má lesa þætti í þróun samfélagsins út úr þessum gögnum, t.d. varðandi tungumál. Ljóst er að aðföng á ensku hafa aukist mjög síðustu árin á kostnað annarra tungumála. Einungis þriðjungur þess efnis sem skráð er í Gegni er á íslensku.

Kaflanum um aðferðafræði er ætlað að auðvelda framhald þessarar vinnu. Þar eru verklýsingar vegna árlegrar öflunar tölfræðigagna í framtíðinni. Í síðasta hluta greinargerðarinnar eru töflur með umræddum tölum.

Greinargerðinni er ætlað að bregða ljósi á tölfræðiverkefnið, verklag og afrakstur. Hún er fyrst og fremst sett fram með hliðsjón af þörfum þeirra sem verkið vinna en nýtist öðrum vonandi til skilnings á viðfangsefninu.

Nokkrar myndir með úrvinnslu og skýringum

Í þessum kafla eru dregnar fram áhugaverðar upplýsingar úr tölfræðigögnunum. Á fyrstu myndinni er sýnd árleg viðbót skráninga í kerfið fyrir árin 2012, 2013 og 2014 óháð útgáfuári gagnanna. Næsta mynd sýnir hlutfall gagna í Gegni sem gefin eru út á Íslandi á móti því sem gefið er út erlendis. Greining eftir útgáfuformi, notendahópi, bókmenntaformi og tungumáli er birt fyrir viðbót síðasta árs, þ.e. færslur sem bættust í bókfræðigrunninn á árinu 2014.




Mynd 1:

Í árslok 2014 voru virkar færslur 1.133.433

Árið 2014 bætust 34.351 færslur í bókræðigrunninn

Árið 2013 bætust 62.289 færslur í bókræðigrunninn (Athugið að árið 2013 var hlaðið vélvirkt 21.360 tímaritafærslum)


Árið 2012 bætust 50.679 færslur í bókræðigrunninn



Mynd 2:

Ríflega þriðjungur af gögnunum í Gegni er gefin út héraðs. Þrátt fyrir öfluga útgáfustarfsemi er lítið málsamfélag háð erlendum aðföngum. Í árslok 2014 voru færslur fyrir erlend gögn 729.990 en færslur fyrir íslensk gögn voru 403.443.

Sjá töflu 6.




Mynd 3:

Viðbót ársins 2014. Útgáfuformið „Bækur“ inniheldur hér allar „mónógrafiur“ aðrar en námsritgerðir frá íslenskum háskólum, þ.e. skýrslur, rafrænar bækur og doktorsritgerðir auk bóka í algengasta skilningi þess orðs.

Undir „Annað“ falla tímarit, hljóðbækur, kort, handrit, tölvugögn og tæki, einnig námsritgerðir frá íslenskum háskólum, myndefni, nótur, hljóðrituð tónlist, tímaritsgreinar og kaflar úr bókum.


Sjá töflu 1.



Mynd 4:

Efni fyrir fullorðna er 29.134 titlar. Efni fyrir börn og unglinga er 3.457 titlar. Kennsluefni grunn- og framhaldsskóla fellur hér undir efni fyrir börn og unglinga. Undir „Annað“, 1.760 titlar, falla færslur fyrir efni sem ekki er í boði að kóða fyrir tiltekinn notendahóp, t.d. kort og tímarit. Einnig færslur sem ekki hafa verið kóðaðar fyrir notendahóp samkvæmt reglum skráningarráðs um lágmarkskóðun. Árið 2014 voru 95% af skráðum færslum kóðaðar fyrir notendahóp samkvæmt reglum skráningarráðs um lágmarkskóðun. Þetta er hæsta hlutfall kóðunar frá upphafi söfnunar tölulegra upplýsinga úr bókræðigrunni Gegnis.


Sjá töflu 2.



Mynd 5:

Þessar tölur einskorðast við bækur, bókarkafla, tímaritsgreinar og hljóðbækur. Undir skáldverk falla hér skáldsögur, teiknimyndasögur, ljóð, leikrit, smásögur o.s.frv. Hér er færslum fyrir þessi bókmenntaform smalað saman. Skáldsögur eru 72% af skáldverkum. Undir „Annað“ fellur efni sem ekki er kóðað og er það 3% af færslunum.

Sjá töflu 3.



Mynd 6:

Tungumálagreining er bundin við eitt tungumál fyrir hvert rit / gagn. Ef fleiri en eitt tungumál hafa jafnt vægi fellur færslan undir „Annað“. Sé hins vegar eitt tungumál af mörgum greint sem aðaltungumál fellur færslan undir það tungumál. Undir „Annað“ falla gögn á öðrum tungumálum en hér eru sýnd ásamt gögnum þar sem tungumál er ekki skilgreint (t.d. hljóðritaður hljóðfærleikur).

Sjá töflu 5.

Aðferðafræði

Inngangur

Söfnun tölulegra upplýsinga úr bókræðigrunni Gegnis byggist á SQL gagnagrunnsfyrirspurnum. Nýtt gagnamódel var tekið í notkun við öflun bókræðilegra upplýsinga fyrir árið 2013. Landskerfi bókasafna þróaði gagnamódelið og opnar það nýja möguleika á vinnslu og framsetningu tölfræðinnar. Verklaginu var breytt en forsendur og aðferðafræði er sú sama. Með tilkomu þessa var að mestu hætt að nota keyrsluna ret_01 í skráningarþætti Gegnis. Einnig hafa stakar gagnagrunnsfyrirspurnir, þar sem hugbúnaðurinn DbVisualizer sendir SQL fyrirspurnir í afmörkuð svið í gagnagrunninum, lagst af.

1. SQL fyrirspurnir

Forsenda fyrir SQL fyrirspurnum er að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar í Z13 og Z13U gagnagrunnstöflunum. Z13 taflan inniheldur svið fyrir grunnupplýsingar. Þessi svið eru útgáfuár, höfundur, titill, prentsögn og ISBN/ISSN númer. Í Z13U er hægt að skilgreina fimmtán breytileg svið (user-defined) til viðbótar.

Z13- gagnagrunnstafli

YEAR	008
AUTHOR	1####
TITLE	245##
IMPRINT	260##
ISBN o.fl.	02###

Stýritaflan tab_22

Breytilegu sviðin eru skilgreind í stýritöflu tab_22. Hún er staðsett undir exlibris/aleph/u20_1/ice01/tab. Ekki er nóg að skilgreina sviðin í tab_22 heldur er nauðsynlegt að byggja upp Z13U gagnagrunnstöfluna með upplýsingum frá tab_22. Það er gert með keyrslunni p_manage_05 sem finnst undir „Keyrslum“ í skráningarþætti. Keyrslan p_manage_05 læsir bókræðigrunninum, ICE01, í u.þ.b. 6 klst. á

meðan verið er að byggja upp Z13U töfluna, svo nauðsynlegt er að framkvæma keyrsluna að nóttu til. Athugið að hægt er að breyta innihaldi Z13U töflunnar svo nauðsynlegt er að yfirfara skilgreiningar í tab_22 í hvert sinn áður en árleg bókræðitölfræði er unnin.

Vegna tölfræðinnar voru öll fimmtán breytilegu sviðin skilgreind í gagnagrunnstöflunni Z13U:

USER-1	FMT	Form bókræðifærslu (BIB format)
USER-2	LDR	Leader-svið til að draga út tegund færslu (Type of record) t.d. greinifærslur
USER-3	008	Svið til að draga út mismunandi upplýsingar eins og landakóða, bókmenntaform o.s.frv.
USER-4	SYS	Kerfisnúmerið
USER-5	040## \$a	Safnkóði (stofnun færslu)
USER-6	039##	Kóðar vegna íslenskrar útgáfuskrár
USER-7	CAT	Notendanöfn skrásetjara (aðeins fyrsta svið er tekið með)
USER-8	007	Kóðasvið
USER-9	440##	Ritraðarsvið sem er aflagt samkvæmt MARC21
USER-10	490##	Ritraðarsvið til birtingar
USER-11	040##	Safnkóði (öll aðkoma að færslu)
USER-12	85640	Rafrænt efni (eingöngu rafræn útgáfa) (aðeins fyrsta svið er tekið með)
USER-13	85641	Rafrænt efni (prentuð útgáfa sem jafnframt kemur út á vef) (aðeins fyrsta svið er tekið með)
USER-14	082##	Dewey flokkun (aðeins fyrsta svið er tekið með)
USER-15	092##	Danski Dewey (aðeins fyrsta svið er tekið með)

Í SQL fyrirspurn byrjar texti úr kóðasviðum einu sæti aftar en sætistala í MARC-sniði segir til um.

Afmörkun við ár og kerfisnúmer

SQL fyrirspurnir eru notaðar til þess að vinna úr upplýsingum í kóða- og stýrisviðum. Við greiningu árlegra viðbóta til og með 2012 byggðust SQL fyrirspurnirnar á því að afmarka grunnmengið með fyrsta og síðasta færslunúmeri hvers árs. Eyddar færslur, sem eru skilgreindar með Z13U_USER_DEFINED_3 IS NULL, þ.e.a.s. færslur sem ekki innihalda 008 svið, eru sniðgengnar. Hér er tafla yfir færslunúmer eftir tímabilum, athugið að þetta eru færslunúmer eins og þau birtast í Gegni fyrsta og seinasta dag hvers árs.

Tímabil	Færslunúmer
Til og með 2006	000000000 – 000987565
Árið 2007	000987566 – 001036424
Árið 2008	001036425 – 001087788
Árið 2009	001087789 – 001129610
Árið 2010	001129611 – 001171193
Árið 2011	001171194 – 001213973
Árið 2012	001213974 – 001266950
Árið 2013	001266951 – 001333801
Árið 2014	001333802 – 001368665

Í nýja gagnamódelinu er ekki lengur afmarkað við fyrsta og seinasta færslunúmer ársins heldur er stuðst við dagsetningu skráningar sem kallast á kerfismáli **z13_open_date**, sjá fyrirspurn:

```
z13_open_date. select substr(z13_open_date,1,4) as Skráningarár,min(z13_rec_key),max(z13_rec_key) maxKey from ice01.z13 group by substr(z13_open_date,1,4).
```

Þessi nálgun er sambærileg þegar horft er á nýskráningar (síðastliðið ár eða tvö) en þegar rýnt er í gagnagrunninn yfir lengra tímabil byggist upp smávægileg skekkja. Það verður alltaf að hafa í huga að gagnagrunnurinn er stöðugt að breytast. Það er alltaf verið að sameina og eyða færslum svo að fyrirspurnir gerðar á mismunandi tíma um fjölda virkra færslna í Gegni á tilteknu tímabili geta aldrei orðið samhljóða.

Keyrsludæmi

Keyrsludæmi eru hér óbreytt frá greinargerðum fyrri ára enda eru forsendur eins að öðru leyti en hvað varðar afmörkun við færslunúmer.

Virkar færslur, viðbót ársins 2012

```
SELECT Z13U_REC_KEY
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '001213974'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'
AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL;
```

Tafla 1: Útgáfuform

Námsritgerðir

```
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '001213974'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'
AND Z13U_USER_DEFINED_1 = 'BK'
AND Z13U_USER_DEFINED_6 = 'ri'
AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL;
```

Einungis birt rafrænt (856 40)

```
SELECT Z13U_REC_KEY
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '001213974'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'
AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND Z13U_USER_DEFINED_12 IS NOT NULL;
```

Tafla 3: Bókmenntaform, allt til ársloka 2012

```
SELECT Z13U_REC_KEY
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '00'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'
AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND Z13U_USER_DEFINED_1 = 'BK'
AND SUBSTR (Z13U_USER_DEFINED_3, 34, 1)=0
```

Tafla 5: Tungumál, allt til ársloka 2012

```
SELECT Z13U_REC_KEY
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '00'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'

AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND SUBSTR (Z13U_USER_DEFINED_3, 36, 3)='ice';
```

Tafla 6: Útgáfuland

Útgáfuland getur verið tveggja eða þriggja stafa kóði. Flest útgáfulönd eru með tveggja stafa kóða, t.d. Ísland. Samlagsríki eins og Bandaríki Norður-Ameríku er dæmi um svæði með þriggja stafa kóða fyrir útgáfuland / þrengri svæði (fylki). Gildið xx í 008, sæti 15-16 virkar til þess að safna saman þessum mismunandi kóðum. Kóðinn í sæti 17 í sviði 008 (18 í SQL) er notaður.

Dæmi, útgáfuland Ísland 2012, listi yfir færslunúmer

Tveggja stafa kóði, útgáfuland Ísland (ic)

Kóðinn 008, sæti 15-16 = ic

```
SELECT Z13U_REC_KEY, Z13U_YEAR
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '001213974'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'
AND Z13U_USER_DEFINED_1 = 'BK'
AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND SUBSTR(Z13U_USER_DEFINED_3, 16, 2) = 'ic';
```

Dæmi, útgáfuland Bandaríkin 2012, listi yfir færslunúmer

Þriggja stafa kóði, útgáfuland Bandaríkin (xxu)

Kóðinn 008, sæti 17 = u

```
SELECT Z13U_REC_KEY, Z13U_YEAR
FROM ICE01.Z13U
WHERE Z13U_USER_DEFINED_4 >= '001213974'
AND Z13U_USER_DEFINED_4 <= '001266950'
AND Z13U_USER_DEFINED_1 = 'BK'
AND Z13U_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND SUBSTR(Z13U_USER_DEFINED_3, 18, 1) = 'u';
```


2. **Keyrslur, retrieve cataloging records (ret_01)**

Keyrslan ret_01 undir aðgerðinni **Keyrslur** í skráningarþætti **Gegnis** tekur til upplýsinga úr marksviðum öðrum en stýri- og kóðasviðum. Þessi aðferð er einungis fyrir bókræðifærslur sem sóttar eru með Z39.50 staðlinum, t.d. úr LIBRIS, DANBIB o.s.frv.

Dæmi – færslur sóttar í Libris á árinu

Output file = xxxx

From document = fyrsta færsla ársins

To document = seinasta færsla ársins

Tag + Indicator = 040

Subfield = d

„From“ text = FLUTT-LIBRIS

„To“ text = FLUTT-LIBRIS

Boolean operator = AND

Töflur

Tölum úr bókræðigrunni Gegnis var safnað í Excel töflur. Í töflunum eru mun ítarlegri upplýsingar heldur en þær sem settar eru fram myndrænt.

Töflurnar eru:

1. Útgáfuform ... bls. 19
2. Notendahópar ... bls. 20
3. Bókmenntaform ... bls. 21
4. Ævisögulegt efni ... bls. 22
5. Tungumál ... bls. 23
6. Útgáfuland ... bls. 24
7. Færsluveiðar úr gagnagrunnum ... bls. 25

Tafla 1:
Útgáfuform

Tegund	Forsendur	2012		2013		2014		Allt til ársloka 2014	
		Undirfl.	Samtals	Undirfl.	Samtals	Undirfl.	Samtals	Undirfl.	Samtals
Bækur , þ.e. Prentað mál og rafrænn lesanlegur texti nema tímarit og tímaritsgreinar	FMT=BK		27.913		25.784		23.168		781.959
- þar af bókarkaflar	FMT=BK, LDR, 07=a	863		556		913		27.110	
- þar af námsritgerðir	FMT=BK, 039\$e=ri	1.378		1.326		1.364		38.004	
- þar af annað	FMT=BK	25.672		23.902		20.891		716.845	
Handrit	FMT=MA		4.791		3.833		534		15.397
Hljóðbækur	FMT=HB		333		357		678		6.320
Kort	FMT=MP		54		27		120		1.314
Myndbönd	FMT=VM		1.424		1.480		1.654		22.431
Samsett gögn	FMT=MX		17		58		14		640
Tímarit	FMT=SE		5.960		21.722		436		56.332
Tímaritsgreinar	FMT=GR		3.955		3.227		2.871		141.816
Tónlist	FMT=MU		6.204		5.747		4.816		105.624
- þar af nótur	FMT=MU, LDR, 06=c	810		782		468		12.718	
- þar af stök verk / lög	FMT=MU, LDR, 07=a	2.526		2.687		2.575		55.290	
- þar af annað	FMT=BK	2.868		2.278		1.773		37.616	
Tæki	FMT=TK		11		8		11		105
Tölvugögn	FMT=CF		17		46		49		1.495
Samtals:			50.679		62.289		34.351		1.133.433

Tafla 2:
Notendahópar

Notendahópar	Forsendur	2012				2013				2014				Allt til ársloka 2014
		Alls kóðað	Þar af BK	Þar af MU	Þar af VM	Alls kóðað	Þar af BK	Þar af MU	Þar af VM	Alls kóðað	Þar af BK	Þar af MU	Þar af VM	
Barnaefni	008, 22 = b	1.237	1.033	85	119	2.138	1.756	188	131	2.290	1.756	176	287	35.831
Fullorðinsefni	008, 22 = e	28.526	21.140	6.109	1.277	32.326	21.932	5.534	1.306	29.134	19.696	4.634	1.327	491.905
Kennsluefni framhaldsskóla	008, 22 = d	285	285	0	0	183	183	0	0	170	165	1	1	2.369
Kennsluefni grunnskóla	008, 22 = c	127	127	0	0	174	165	0	0	244	235	1	0	6.614
Smábarnaefni	008, 22 = a	77	77	0	0	135	129	0	4	91	90	0	1	1.580
Unglingaefni	008, 22 = j	404	404	0	0	523	517	0	3	662	634	0	5	7.074
Samtals:		30.656	23.066			35.479	24.682			32.591	22.576			545.373

Tafla 3:
Bókmenntaform

Bókmenntaform	Forsendur	2012			2013			2014			Allt til ársloka 2014		
		BK	GR	HB	BK	GR	HB	BK	GR	HB	BK	GR	HB
Annað en skáldverk	008, 33 = 0	22.313	3.758	98	18.944	3.090	68	15.551	2.725	189	323.315	46.164	1.077
Blandað efni / form	008, 33 = m	26	1	5	45	0	1	58	0	0	535	5	35
Fyndni-ádeila	008, 33 = h	32	0	2	22	0	1	29	0	0	249	71	20
Ljóð	008, 33 = p	380	140	5	357	92	6	423	99	13	10.077	9.325	123
Ræður	008, 33 = s	1	2	0	4	1	0	0	3	1	102	175	3
Sendibréf	008, 33 = i	19	11	1	10	1	0	15	2	1	238	432	3
Skáldsögur	008, 33 = f	3.927	3	176	4.484	5	231	5.301	2	419	69.700	171	2.616
Skáldverk	008, 33 = 1	92	1	3	131	0	7	101	0	2	29.771	67	97
Smásögur	008, 33 = j	157	37	26	185	35	19	212	34	18	4.359	2.535	203
Teiknimyndasögur	008, 33 = c	437	0	0	646	0	0	662	0	0	9.337	4	0

Tafla 4:
Ævisögulegt efni

		2012			2013			2014			Allt til ársloka 2014
Ævisögulegt efni	Forsendur	BK	GR	HB	BK	GR	HB	BK	GR	HB	BK, GR, HB
Sjálfisævisögur	008, 34 = a	190		3	200			143		5	6.608
Æviágrip, efni með ævisögulegu ívafi	008, 34 = d	139		3	130			159	28		3.349
Ævisögur einstaklinga	008, 64 = b	378		6	308	1	5	260		4	14.157
Ævipættir, ævisagnasöfn, æviskrár, stéttatöl	008, 21 = c	122	105	2	65	35	2	69	34	1	2.746

Tafla 5:
Tungumál

Tungumál	Forsendur	2012		2013		2014		Allt til ársloka 2014	
		Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform
Íslenska	008, 35-37 = ice	5.388	11.930	5.425	11.322	4.240	8.974	160.437	354.261
Kínverska	008, 35-37 = chi	27	42	12	26	12	19	812	975
Danska	008, 35-37 = dan	1.456	1.605	1.514	1.638	1.211	1.490	65.030	68.678
Dutch	008, 35-37 = dut	24	29	42	65	28	30	1.085	1.233
Enska	008, 35-37 = eng	13.977	21.688	12.897	35.013	12.368	15.136	375.527	455.760
Finnska	008, 35-37 = fin	128	137	189	222	311	395	2.653	2.944
Franska	008, 35-37 = fre	1.732	2.068	505	955	272	406	17.934	20.673
Færeyska	008, 35-37 = fao	19	31	47	57	24	20	1.689	1.880
Ítalska	008, 35-37 = ita	116	265	97	230	105	155	3.240	5.808
Japanska	008, 35-37 = jpn	37	84	4	19	14	18	528	775
Latína	008, 35-37 = lat	37	164	19	41	0	39	25	4.085
Mörg tungumál	008, 35-37 = mul	344	753	335	635	463	776	5.612	11.301
Norska*	008, 35-37 = *	989	1.077	1.067	1.237	1.083	1.390	30.193	31.953
Pólska	008, 35-37 = pol	658	669	545	591	535	565	4.498	4.772
Rússneska	008, 35-37 = rus	106	146	137	172	161	202	3.983	4.476
Spænska	008, 35-37 = spa	320	407	338	1.112	137	167	5.966	7.714
Sænska	008, 35-37 = swe	1.348	1.428	1.476	1.700	1.049	1.561	40.761	44.170
Þýska	008, 35-37 = ger	893	1.655	690	1.178	601	807	49.386	57.149
Annað (-)	008, 35-37 = **	1.337	8.856	1.074	10.713	595	1.592	10.104	282.576
* nob, nor og nno frá 2011									

Tafla 6:
Útgáfuland

Útgáfuland	Forsendur	2012		2013		2014		Allt til ársloka 2014	
		Önnur útgáfuform	Bækur (BK)	Önnur útgáfuform	Bækur (BK)	Önnur útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)
Ísland	008, 15-17 = ic	11.620	6.165	10.874	6.187	6.664	5.134	403.443	174.182
Bretland	008, 15-17 = xxk	1.687	3.995	1.225	5.286	943	5.077	168.678	149.512
Danmörk	008, 15-17 = dk	262	1.860	162	1.788	333	1.433	75.502	70.485
Finnland	008, 15-17 = fi	26	284	46	365	97	456	9.100	8.211
Frakkland	008, 15-17 = fr	596	4.606	119	990	147	263	24.344	21.706
Færeyjar	008, 15-17 = fa	3	44	7	55	42	31	2.044	1.846
Ítalía	008, 15-17 = it	25	152	56	157	22	159	5.430	4.419
Kanada	008, 15-17 = xxc	262	202	71	155	67	93	4.839	3.780
Noregur	008, 15-17 = no	125	1.092	177	1.195	335	1.091	36.182	33.427
Rússland	008, 15-17 = ru	11	105	22	155	35	169	4.284	3.998
Spánn	008, 15-17 = sp	28	195	25	286	14	99	5.379	4.890
Svíþjóð	008, 15-17 = sw	115	1.446	234	1.523	574	1.120	47.752	43.339
Bandaríkin	008, 15-17 = xxu	450	4.822	505	4.770	527	4.984	171.846	153.596
Þýskaland	008, 15-17 = gw	1.034	916	637	814	452	729	59.570	49.281

Tafla 7:
Færsluveiðar úr erlendum gagnagrunnum

	2012		2013		2014	
Gagnagrunnur	Leit	Sótt / hlaðið	Leit	Sótt / hlaðið	Leit	Sótt / hlaðið
OCLC	4.380	2.234	4.280	2.157	5.457	2.140
BIBSYS		791		809		479
DANBIB		1.618		2.041		1.352
LIBRIS		1.618		1.976		1.648
LINDA		204		200		382
Library of Congress		2.220		2.169		2.166
Rafbækur		5.350		1.715		1.184
Rafræn tímarit				21.360		
Samtals:		14.035		32.427		9.351